



LÖGREGLAN Í HAFNARFIRÐI
FLATAHRAUNI 11 • 220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 525 3300 • FAX 525 3301

Stefnumörkun og markmiðssetning lögreglustjórans í Hafnarfirði fyrir árið 2004

Afbrotatölfræði fyrir árið 2003

Janúar 2004

Stefnuyfirlýsing:

„Lögreglan í Bessastaðahreppi, Garðabæ og Hafnarfirði er þjónustuaðili sem vinnur að því að tryggja öryggi íbúa í umdæmi sínu.“

Efnisyfirlit

I. Hluti	
1.0 Formáli	5
II. Hluti	
2.0 Niðurstaða ársins 2003	6
III. Hluti	
3.0 Stefnumörkun lögreglustjórans í Hafnarfirði fyrir árið 2004	7
A. Fækkun innbrota og þjófnaða	7
B. Fækkun eignaspjalla, minniháttar skemmdarverka	7
C. Fækkun umferðaróhappa og slysa	7
D. Aukið fíkniefnaeftirlit	8
IV. Hluti	
4.0 Samantekt	9
V. Hluti - Viðauki	
5.0 Afbrotatölfræði ársins 2003 með tilliti til stefnumörkunar þess árs ..	10
5.1 Fjölgun / fækkun brota	10
5.2 Innbrot, þjófnaður og eignaspjöll	12
5.3 Umferðarmál	13
5.4 Fíkniefnamál	15

I. HLUTI

1.0 Formáli

Það nýmæli var tekið upp hjá embætti lögreglustjórans í Hafnarfirði á árinu 2003 að embættið markaði og kynnti stefnu þess varðandi ákveðna mála- og brotaflokka. Niðurstaðan verður kynnt í skýrslu þessari, sem og stefnumörkun og markmið lögreglu fyrir árið 2004.

Í viðauka, hluta V, má finna afbrotatölfræði embættisins fyrir árið 2003. Er þar lögð sérstök áhersla á þá mála- og brotaflokka sem lutu að stefnumörkun embættisins það ár.

Tölur þær sem stuðst er við í afbrotatölfræðinni eru fengnar úr málaskrá lögreglu, auk þess sem embætti ríkislögreglustjórans eru færðar þakkir fyrir veitta aðstoð við öflun og uppsetningu gagna. Upplýsingar í skýrslunni eru á ábyrgð lögreglustjórans í Hafnarfirði.

II. HLUÐI

2.0 Niðurstaða ársins 2003

Í ársbyrjun 2003 setti embætti lögreglustjórans í Hafnarfirði sér það markmið að ná niður brotum í ákveðnum mála- og brotaflokkum sem taldir voru varða hagsmuni almennings sérstaklega. Þá horfði og uggvænlega með fjölgun brota eins og innbrota, þjófnaða og eignaspjalla. Markmiðin tóku mið af þessu.

Jafnframt því að setja sér markmið þá markaði lögregla og stefnu í ákveðnum mála- og brotaflokkum, en stefnt var að fækkun innbrota, þjófnaða, eignaspjalla, umferðaróhoppa og -slysa, auk þess sem halda átti uppi áframhaldandi öfluglu fíkniefnaeftirliti. Gert var ráð fyrir að breyta yrði stefnunni á tímabilinu ef hún skilaði ekki tilætluðum árangri. Til þess kom þó ekki.

Á árinu 2003 fækkaði innbrotum um 15% frá árinu áður, þjófnum um 26% og eignaspjöllum um 10%. Innbrotum hafði hinsvegar fjölgað um 42% frá árinu 2000 til 2002, þjófnum um 33% og eignaspjöllum um 32%.

Lögregla lagði aukna áherslu á eftirlit með fíkniefnamisferli á árinu, sem skýrir fjölgun skráðra brota í þeim málaflokki, en þeim fjölgaði um 27% á milli árána 2002 og 2003.

Umferðaróhöpp og -slys voru jafnmörg árin 2002 og 2003, en á sama tíma jókst umferðin í umdæminu um 5% samkvæmt bráðabirgðatölum frá Vegagerðinni. Engin banaslys urðu í umferðinni á árinu 2003.

Umferðaróhöppum og -slysum fjölgaði á milli árána 2000 og 2002 um 5%.

Sú niðurstaða er liggur fyrir sýnir að nánast öll þau markmið er sett voru á síðasta ári gengu eftir. Hvort sú þróun heldur áfram mun koma í ljós á næstu árum.

III. HLUÐI

3.0 Stefnumörkun ársins 2004

Í ljósi þeirrar niðurstöðu er nú liggur fyrir varðandi árið 2003, mun lögregla halda sig við svipaða stefnu á þessu ári. Áhersla verður lögð á sömu málaflokka og fyrr.

A. Fækkun innbrota og þjófnaða

Lögreglan mun halda áfram því forvarnarstarfi sem unnið hefur verið að í góðri samvinnu við barnaverndaryfirvöld í Bessastaðahreppi, Garðabæ og Hafnarfirði. Það hefur, í samræmi við stefnumörkun lögreglunnar fyrir árið 2003, verið aukið mjög og gert markvissara. Er það mat lögreglu að þetta aukna samstarf hafi skilað sér í fækkun innbrota og þjófnaða.

Það er markmið lögreglunnar að almennt löggæslueftirlit í umdæminu verði eflt enn frekar, en það var aukið talsvert á síðasta ári. Lögreglan stefnir og að því að fjölga upplýstum málum í þessum brotaflokkum.

Lögreglan mun kappkosta að koma, á hverjum tíma, upplýsingum til íbúa um ástandið í þessum brotaflokkum, hvað helst beri að varast og hvernig megi koma í veg fyrir brot.

Sérstök áhersla verður lögð á, í samvinnu við ákærvaldið, að stöðva brotamenn sem gerst hafa sekir um ítrekuð afbrot.

Lögregla setur sér það markmið að innbrotum og þjófnum fækki um 7%.

B. Fækkun eignaspjalla, minniháttar skemmdarverka

Eins og fram kemur hér að ofan getur samstillt átak lögreglu og barnaverndaryfirvalda skipt miklu í baráttunni gegn afbrotum. Með aukinni samvinnu og forvarnarvinnu er hægt að koma ungmennum fyrr til aðstoðar sem þess þurfa með. Markmið þess er m.a. að fækka eignaspjöllum og skemmdarverkum enn frekar.

Lögreglan, í samstarfi við bæjaryfirvöld í Bessastaðahreppi, Garðabæ og Hafnarfirði, mun meðal annars vinna að því að auka lýsingu við þá staði þar sem hvað flest eignaspjöllin verða, en það hefur sýnt sig að svo einfaldar aðgerðir geta gert mikið gagn.

Lögreglan mun í störfum sínum leggja áherslu á að reglur um útivistartíma barna og ungmenna verði virtar. Fylgst verður sérstaklega með þeim stöðum þar sem ungmenni safnast saman.

Lögreglan setur sér það markmið að eignaspjöllum fækki um 10% á árinu.

C. Fækkun umferðaróhappa og slysa

Með markvissum hætti verður unnið að því að fækka umferðaróhöppum og slysum í umdæminu, m.a. með því að auka eftirlit á þeim vegarköflum og gatnamótum þar sem

óhöpp eru hvað flest, sem og á þeim tímum sólarhringsins sem slík óhöpp oftast verða. Leitað verður samstarfs við embætti ríkislögreglustjórans um gagnaöflun í þessu sambandi.

Lögreglan stefnir að því að koma upplýsingum um hættuleg gatnamót til veghaldara með, eftir atvikum, tillögum til úrbóta.

Stefnt er að því að áfram verði haldið uppi öflugu umferðareftirliti en það var aukið á síðasta ári. Sérstök áhersla verður lögð á eftirlit með hraðakstri, akstri á móti rauðu ljósi og ölvunarakstri, en þessir þrír þættir eru taldir ráða hvað mestu um fjölda og alvarleika umferðaróhappa og slysa. Sérstakar aðgerðir lögreglu í umferðarmálum verða kynntar í fjölmiðlum áður en þær hefjast, hvar og hvenær þær verða.

Lögreglan setur sér það markmið að umferðaróhöppum og slysum fækki um 10% á þessu ári.

D. Aukið fíkniefnaeftirlit

Áfram verði haldið uppi virkri frumkvæðisvinnu lögreglu í tengslum við fíkniefnamisferli. Gert er ráð fyrir að skráðum brotum fjölgi vegna þess um 5% frá síðasta ári.

IV. HLUTI

4.0 Samantekt

Á árinu 2003 setti lögreglan í Bessastaðahreppi, Garðabæ og Hafnarfirði sér í fyrsta sinn mælanleg markmið. Markmiðin voru eftirfarandi: Að ná niður auðgunarbrotum eins og innbrotum og þjófnuðum, fækka eignaspjöllum, umferðaróhöppum og umferðarslysum og að halda áfram virku eftirliti með fíkniefnabrotum.

Umferðaróhöpp og slys voru jafnmörg á árinu 2002 og 2003 en innbrotum, þjófnuðum og eignaspjöllum fækkaði. Fíkniefnabrotum fjölgaði, en gert var ráð fyrir því að það myndi gerast með auknu eftirliti lögreglu.


Stefnumörkun og markmiðssetning lögreglu á þessu ári mun verða með nokkuð svipuðu sniði og á árinu 2003 en lögregla er sannfærð um að sú stefna er mörkuð hefur verið skili sér í betri þjónustu og meira öryggi íbúa í umdæminu.

V. HLUTI

5.0 Afbrotatölfræði ársins 2003 með tilliti til stefnumörkunar þess árs


5.1 Fjölgun / fækkun brota

Skráðum brotum fjölgaði úr 8.359 árið 2002 í 9.765 árið 2003, eða um 17%. Sérrefsilaga- og hegningarlagabrotum fækkaði á árinu 2003 en umferðarlagabrotum fjölgaði úr 4.675 í 6.110, eða um 31%. Þessi mikla fjölgun kæra vegna umferðarlagabrota skýrist af breyttum áherslum lögreglu í framhaldi af þeirri stefnu er mörkuð var árið 2003, að fækka umferðaróhöppum og slysum með auknu umferðareftirliti.




Mynd 1. Fjöldi skráðra brota og verkefna hjá lögreglustjóranum í Hafnarfirði, 1999 til 2002.

Hegningarlagabrotum fækkaði árið 2003 en hafði fjölgað jafnt og þétt frá árinu 1999 til 2002.



Mynd 2. Fjöldi skráðra brota hjá lögreglustjóranum í Hafnarfirði 1999 til 2002 eftir tegund.

Frá árinu 1999 til 2003 hefur íbúum í umdæmi lögreglustjórans í Hafnarfirði, þ.e. Bessastaðahreppi, Garðabæ og Hafnarfirði, fjölgað um 3.415, eða 12%.




Mynd 3. Þróun íbúafjölda í Bessastaðahreppi, Garðabæ og Hafnarfirði.

5.2 Innbrot, þjófnaður og eignaspjöll

5.2.1 Innbrot

Innbrotum í umdæminu fækkaði um 15% á milli árunna 2002 og 2003, eftir að hafa fjölgað um 42% á milli árunna 2000 til 2002.




Mynd 4. Fjöldi innbrota á árabílinu 2000 til 2003.

Innbrot í heimahús eru 8% allra innbrota í umdæminu árið 2003, innbrot í fyrirtæki eru 24%, innbrot í bíla eru 37%, skúra 8%, skip og báta 4% og skóla 7%. Önnur innbrot eru 12%.

5.2.2 Þjófnaður

Þjófnum fækkaði um 26% á milli árunna 2002 og 2003, en þeim hafði fjölgað um 33% á milli árunna 2000 og 2002.




Mynd 5. Fjöldi þjófnaða á árabílinu 2000 til 2003.

Þjófnaður úr bílum er 23% allra þjófnaða í umdæminu árið 2003, 19% er reiðhjólþjófnaður, 2% þjófnaða er úr skipum eða bátum og 6% er hnúpl úr verslunum. Annar þjófnaður, svo sem úr vinnuskúrum, nýbyggingum, fyrirtækjum og fleira, er 50%.

5.2.3 Eignaspjöll, minniháttar skemmdarverk

Eignaspjöllum, minniháttar skemmdarverkum, hefur fækkað um 10% á milli ára 2002 og 2003. Þeim hafði hinsvegar fjölgað um 32% á milli ára 2000 og 2002.




Mynd 6. Fjöldi eignaspjalla, minniháttar skemmdarverka, á árabilinu 2000 til 2003.

Til eignaspjalla, minniháttar skemmdarverka, teljast rúðubrot, skemmdir á biðskýlum strætisvagna, veggjakrot og svo framvegis.

5.3 Umferðarmál

5.3.1 Umferðaróhapp, eignatjón

- / slys / mannlát / ölvunarakstur




Mynd 7. Skýringarmynd er sýnir fjölda umferðaróhappa þar sem eignatjón verður.

Á mynd 7 má sjá hversu oft slys eða mannlát verða í umferðaróhappi, sem og hversu oft ölvunarakstur tengist umferðaróhappi. Umferðaróhöpp og slys voru jafnmörg árin 2002 og 2003. Banaslys í umferð hafa engin verið árin 2002 og 2003.

Umferðaróhöppum í tengslum við ölvunarakstur fjölgaði á milli ára 2002 og 2003, en frá árinu 2000 til 2002 hafði þeim fækkað.


5.3.2 Ölvun við akstur



Mynd 8. Fjöldi ölvunarakstursbrota frá 2000 til 2003.

Brotum vegna ölvunaraksturs hefur fækkað jafnt og þétt frá árinu 2000. Ekkert bendir þó til þess að eftirlit lögreglu hafi minnkað, fremur að það hafi aukist samanber fjölgun á kærum vegna umferðarlagabrota. Líkur eru því á að ölvuðum ökumönnum í umferð hafi fækkað.


5.3.3 Of hraður akstur - radarmæling með ratsjá



Mynd 9. Fjöldi brota brot vegna hraðaksturs, radarmælinga, frá 2000 til 2003.

Brotum vegna hraðaksturs, radarmælinga, fjölgaði um 113% á milli árána 2002 og 2003, en sérstök áhersla var lögð á umferðareftirlit á síðasta ári með það að markmiði að fækka umferðaróhöppum og slysum.

5.3.4 Akstur á móti rauðu ljósi




Mynd 10. Fjöldi brota vegna aksturs móti rauðu ljósi frá 2000 til 2003.

Líkt og með brot vegna hraðaksturs þá hefur kærnum vegna aksturs á móti rauðu ljósi fjölgað all nokkuð á milli árunna 2002 og 2003, eða um 33%.


5.4 Fíkniefnamál

Fíkniefnabrotum fjölgaði um 27% á milli árunna 2002 og 2003, líkt og gert var ráð fyrir með tilliti til stefnumörkunar. Lítillega færri brot eru skráð á síðasta ári en árið 2001, sem var metár.



Mynd 11. Fjöldi fíkniefnamála á árabílinu frá 2000 til 2003.

Hér fyrir neðan má sjá fjölda skráðra fíkniefnabrota á árunum 2001 til 2003.



Mynd 12. Fjöldi fíkniefnabrota.

Á síðasta ári fjölgaði fíkniefnabrotum nokkuð, þá sérstaklega brotum vegna vörslu og neyslu fíkniefna. Brotum vegna dreifingar og sölu fíkniefna fjölgaði einnig, svo og brotum er falla undir ýmis fíkniefnabrot.